

Mjólkurkúr á beit

Hér verður dregið á nokkur atriði sem varðar sumarreit mjólkurkúa. Jafnframt má benda á þrjá ágæta fyrirlestra um þetta efni sem er að finna á veffræðslu LK og greinar um beit m.a. eftir Þórodd Sveinsson.

Mjólkurkúr á beit

Í reglugerð um velferð nautgripa (nr. 1065/2014) segir

„Allir nautgripir, að undanskyldum graðnautum, skulu komast á beit á grónu landi í átta vikur hið minnsta, á tímabilinu frá 15. maí til 15. október ár hvert. Aðgangur að útigerði uppfyllir ekki kröfu um útivist á grónu landi.“

Horft einungis til beitar mjólkurkúa má nálgast þetta ákvæði reglugerðarinnar þannig að beitin verði aðeins til málamynda og óverulegur hluti fóðursins. Önnur leið er að hafa í boði úrvals beit fyrir kýrnar allan beirtímann og skipuleggja notkun þannig að hún skili sem mestum afurðum. Svo eru einhverjar leiðir þarna á milli.

Aðstæður bænda til að uppfylla þessa beitarkvöð eru ólíkar m.a. ef horft er til staðsetningar bygginga og fjarlægðar til beitalands. Eins hefur gerð fjóssins áhrif og stærð hjarðar. Það er að jafnaði meiri vandi að koma upp góðu beitarSKIPULAGI fyrir fjós með mjaltþjóni en þar sem mjólkað er á básum eða í mjaltagryfju. Nyt mjólkurkúa á beit er oft minni en kúa á innistöðufóðrun en þannig þarf það samt ekki að vera. Gott skipulag beitar þar sem kúnum er tryggður góður aðgangur að ferskri og orkuríkri beit getur skilað sama magni mjólkur og innifóðrun. Auk þess ætti beitin að vera ódýrara fóður þar sem hún ber ekki kostnað af slætti, verkun og geymslu eins og verkað gróffóður. Á móti kemur að beirtún skila minni uppskeru á flatareiningu en tún sem eingöngu eru nýtt til sláttar.

Mjólk sem framleidd er af beit inniheldur hærra hlutfall fitu en mjólk framleidd af verkuðu fóðri. Ætti hún því að gefa hærra verð. Í því ljósi og þess að fóðureiningin á beit er ódýrari en af verkuðu gróffóðri má kannski réttlæta að meðalnyt á beirtímanum kunni að vera heldur lægri en á innistöðu.

Gæði beitargróðurs og framboð

Það er misjafnt milli búna hve stór hluti fóðursins er af beittinni og getur farið eftir því hve mikil áhersla er lögð á hana. Á aðalbeirtímanum getur hún verið 50-60% af orkuþörf kúnna. Á góðri beit eiga kýr að geta mjólkað um 20 kg mjólkur á dag og jafnvel meira. Til að ná svo góðri nyt þarf skipulag að vera gott og ávallt aðgengi að nægri, ferskri og orkuríkri beit.

Til að hámarka afkastagetu mjólkurkúa á beit þarf framboð af beitargróðri að vera 50% umfram þarfir kúnna og því nokkur afgangur af beittinni. Gripir ganga mun betur að beit á landi

Þar sem þeim hefur ekki verið beitt á áður það sumar. Reiknað er með að át þeirra á beitinni minnki um 7-10% í hvert skipti sem þeim er boðið sama landið aftur. Það hefur þó mikið að segja hve langan tíma (marga daga) fyrri beit hefur varað í senn.

Besta leiðin til að ná hámarksafurðum eftir kýr á beit er að rækta sérstök beitartún með grastegundum sem skila góðri uppskeru af orkuríkri og lystugri beit. Undir þetta falla allar helstu grastegundirnar sem sáð er í tún, vallarfoxgras, vallarrýgresi, hávingull og vallarsveifgras. Allar gefa þessar grastegundir góðan endurvöxt nema vallarfoxgrasið og af þeim sökum nauðsynlegt að sá því í blöndu í beitartún. Smári er einnig lystug og góð beitarplanta og á heima í beitarblöndum. Smárinn er viðkvæmur fyrir sýrustigi jarðvegs og þrífst varla nema það sé pH=6 eða hærra.

Til að hafa aðgang að gæðabeit allt sumarið og fram á haust dugar túnbeitin ekki ein. Þegar líða fer á sumar þarf meira til að uppfylla kröfur um magn og gæði beitar fyrir hámarks afurðir kúnna. Það má gera með því að rækta græn fóður. Á sama tíma þarf að huga að gjöf á kjarnfóðri og gæðum á gróffóðrinu sem gefið er með beitinni.

Nota má bygg, hafra og sumarrýgresi til að fá fyrstu græn fóðurbeitina og er mikilvægt að byrja að beita það snemma því þessar tegundir spretta hratt eftir að spretta þeirra fer af stað og eru fljótar að tapa næringargildi við of mikinn vöxt. Vetrarrýgresi og vetrarrepja henta sennilega best til síðsumars- og haustbeitar. Í stað vetrarrepju eða í blöndu með henni nota sumir bændur fóðurnæpu og eins má nota fóðurmergkál.

Beit á eldri tún eingöngu dugar aðeins hluta sumars og verður aldrei nema lítill hluti fóðrunarinnar sé ætlunin að halda góðri nyt í kúnum.

Skipulag beitar

Stöðug beit. Þá er hjörðinni beitt á sama svæðið samfelld í nokkurn tíma. Ekki er að vænta að kýr mjólki jafn mikið af beit þar sem sama landið er beitt lengi eins og þar sem skipt er reglulega á ferska beit í nýjum hólum.

Skiptibeit má aðgreina í tvær aðferðir, hólfabeit og randabeit. Hólfabeit krefst þess að búið sé að skipta beitalandinu niður í hæfilega stór hólf sem eru svo beitt koll af kolli í skamman tíma í senn, kannski 1-3 daga. Eftir beit er svo viðkomandi hólf látið spretta þangað til það er orðið hæfilega sprottið aftur. Finna þarf jafnvægi milli stærðar beitihólfanna og hve lengi þau eru beitt í senn. Hæfilegt er að setja gripi á beitarhólf þegar grashæðin er 12-15 cm en hætta beit við 5-8 cm grashæð. Í byrjun beitar er þó rétt að hefja beit við 8-10 cm grashæð. Grasspretta er meiri í upphafi en þegar líða tekur á sumar. Þá getur hentað að sameina hólf sem búið er að beita áður eða bæta við græn fóðurbeit. Eins má vænta þess að kýrnar gangi lakar að beitinni á landi sem hefur verið beitt áður. Á einhverjum tímapunkti getur þurft að slá toppa og hreinsa burtu.

Randabeit er sú aðferð sem nota þarf þegar kúm er beitt á græn fóður, t.d. fóðurkál eða næpur. Er gripunum þá skömmtuð hæfileg beit í senn einu sinni á dag eða oftár. Randabeit má einnig nota við beit á tún. Í þeim tilvikum sem beitt er á gróður sem sprettur aftur s.s. tún og einært rýgresi er skynsamlegt að friða með rafstreng það land sem þegar hefur verið beitt þannig að það fái frið til að spretta aftur.

Beitarstjórnun með skiptibeit getur verið tímafrek en með góðu skipulagi þarf dagleg vinna við hólfaheit ekki að vera mikil. Hún kostar þó alltaf nokkra vinnu við að koma upp léttum girðingum áður en beit hefst og kallar á meiri fjárfestingu í girðingarefni. Randabeitin kallar hins vegar á vinnu a.m.k. einu sinni til tvisvar á dag við að skammta beit. Nýting beitarinnar verður betri ef minna er skammtað í einu og þá oftár.

Áburðargjöf

Áburðargjöf að vori á beitartún ætti ekki að vera jafn mikil og á tún sem eru ætluð til sláttar. Eftir áburðargjöf og á fyrstu dögum og vikum sprettu er upptaka grasanna á næringarefnum mikil og styrkur á sumum efnum hár í grasinu. Verður hann hærri eftir því sem meira er borið á af áburði. Eins kann að verða röskun á jafnvægi efna t.d. getur mikill kalíáburður valdið magnesíumskorti í blóði kúa þannig að þær fái graskrampa. Mikið köfnunarefni getur valdið nítrat-eitrun og þembu. Nítrat er mest í grösum þegar nýbúið er að bera á köfnunarefnisríkan áburð og í káli á haustin eftir frostnætur. Þemba verður vegna meltingatruflana og getur m.a. komið upp vegna mikils áts á blautu, próteinríku grasi í miklum vexti eða belgjurtum.

Í tünnum sem beitt eru ár eftir ár verður uppsöfnun á áburðarefnum vegna þess búfjáráburðar sem dýrin skilja eftir. Miða má við að hæfilegur áburður á beitartún sé 60-70 kg/ha af köfnunarefni, jafnvel minna á gamalgróin tún sem hafa verið beitt lengi. Nýlega ræktuð tún þurfa kannski heldur meira af köfnunarefni. Af fosfór má miða við 8-10 kg/ha og 15-20 kg/ha af kalíi. Það spillir ekki fyrir að áburðurinn innihaldi selen en ef gripum er tryggt nóg selen með öðrum hætti er það óþarfi. Kjarnfóður inniheldur selen sem ætti að duga þeim kúm sem fá það.

Mjaltþjórnar og beit

Á búum sem eru með mjaltþjóna er mikilvægt að beitartúnin séu sem næst fjósinu og kýrnar þurfi ekki lengra en 500 metra frá fjósi til beitar. Ef hugsaður er hálfhringur frá fjósdýrum með 500 metra radíus gerir það 39 ha lands. Fyrir 60-70 kýr gæti þurft 14-18 ha af tünnum í skiptibeit til góðra afurða.

Það er mikilvægt að stígar sem kýrnar ganga til beitar vaðist ekki upp í bleytu en jafnframt að þeir séu hæfilega mjúkir og yfirborð þeirra ekki gróf möl. Stakir steinar geta meitt kýr og gert þær aumar til gangs.

Mjólk er að stærstum hluta vatn. Það er því undirstaða þess að kýr mjólki vel er að þær hafi aðgang að nægu vatni. Kýr á beit þurfa því að hafa aðgang að fersku rennandi vatni með beitinni þannig að þær geti drukkið nægju sína. Á búum með mjaltaþjóna er stundum gengið út frá því að kýrnar hafi eingöngu aðgang að vatni í fjósi og þær þannig fengnar til mjalta. Sú leið er þó talin draga úr dagnyt kúnna og því mælt með því að kýrnar hafi aðgang að vatni í bithaganum.

Sveiflur verða í áti kúa á beit vegna veðurs og þarf að mæta þeim með öðru fóðri. Má gera það þannig að kýrnar hafi aðgang að heyrúllum úti nálægt bithaganum. Á búum með mjaltaþjóna er betra að þetta fóður standi kúnum til boða á fóðurgangi í fjósinu. Kýrnar una sér jafnan vel úti en leita skjóls fyrir rigningu. Eins eru þær viðkvæmar fyrir sterkri sól m.a. sólbruna á jógri.

Erlend rannsókn bendir til að hærri nyt fáist með því að hafa kýr úti á beit í 4 tíma eftir hvorn mjaltatíma frekar en samfellt í 8 tíma milli mjalta.

Eiríkur Loftsson

Jarðræktar- og fóðurráðunautur hjá RML

el@rml.is